



# OPINBER INNKAUP. ÁFANGASKÝRSLA 3 VIÐSKIPTI RÍKISSTOFNANA VIÐ 800 BIRGJA

FEBRÚAR 2010



# EFNISYFIRLIT

NÍÐURSTÖÐUR.....	5
1 INNGANGUR.....	7
2 ÚRTAKSKÖNNUN Á INNKAUPUM.....	9
2.1 Viðmið og framkvæmd úttektar.....	9
2.2 Athugasemdir Ríkisendurskoðunar.....	9



# NIÐURSTÖÐUR

Í þessari þriðju áfangaskýrslu Ríkisendurskoðunar um innkaupamál ríkisins eru birtar niðurstöður athugunar á viðskiptum stofnana í A-hluta ríkissjóðs við úrtak 800 birgja. Markmiðið athugunarinnar var að kanna hvort ákvæði laga um útboðsskyldu, verðsamanburð, gagnsæi og jafnræði í opinberum innkaupum væru virt. Í upphafi var horft til stakra eða uppsafnaðra viðskipta sem námu a.m.k. 250 þús.kr. á tímabilinu janúar til október 2009 en við úrvinnslu var viðskiptum undir 500 þús.kr. sleppt.

Í 14. gr. laga um opinber innkaup segir að gæta skuli jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup. Þetta þýðir að allir sem hafa til þess hæfni og getu eiga að fá að keppa um viðskiptin. Í 20. gr. laganna er kveðið á um að bjóða skuli út öll innkaup á vörum yfir 5 m.kr. og á þjónustu og verkum yfir 10 m.kr. Þá er í 22. gr. laganna kveðið á um að við innkaup undir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum skuli kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skuli að jafnaði gerður bréflaga eða með rafrænni aðferð.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við viðskipti stofnana við 104 birgja, þ.e. 13% úrtaksins. Í 6 tilvikum var samið við birgja án útboðs þótt fjárhæðir væru yfir viðmiðunarmörkum samkvæmt 20. gr. laga um opinber innkaup. Í 98 tilvikum voru verðkannanir fyrir viðskiptin ófullnægjandi að mati Ríkisendurskoðunar og ákvæðum 22. greinar laganna því ekki fylgt. Ljóst er einnig að mörg viðskipti á bilinu 250–500 þús.kr. fóru ekki fram að undangengnum formlegum verðsamanburði.

Ríkisendurskoðun telur að með þessum viðskiptum sínum hafi stofnanirnar farið á svig við áðurnefndar 14., 20. og 22. grein laga um opinber innkaup. Allmargar þeirra útskýrðu val sitt á birgja með því að vísa til fyrri reynslu af þjónustu hans, sérstakrar þekkingar eða staðsetningar. Þá fullyrtu sumar að óformleg verðkönnun hefði verið gerð. Ríkisendurskoðun telur slíka þætti ekki réttlæta það að sneitt sé hjá ákvæðum laga um opinber innkaup. Einnig er fundið að því að Háskóli Íslands gaf ekki skýringar á viðskiptum sínum við þrjá birgja.

## ÁBENDINGAR

### 1. KOMA ÞARF Á FÓT MIÐLÆGUM AUGLÝSINGAVEF INNKAUPA

Ríkisendurskoðun leggur til við fjármálaráðuneytið að komið verði á fót miðlægum auglýsingavef til að auka jafnræði og gagnsæi í innkaupum undir viðmiðunarfjárhæðum og utan rammásamninga. Þar gætu kaupendur sett fram kröfulýsingu vegna

væntanlegra innkaupa og óskað eftir tilboðum frá seljendum. Þannig væri formleg verðfyrirspurn tryggð.

## 2. MÓTA ÞARF STAÐLAÐAN GÁTLISTA FYRIR VERÐKANNANIR

Hvort sem miðlægur auglýsingavefur innkaupa verður að veruleika eða ekki er nauðsynlegt að mótaður verði gátlisti um verðkannanir innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum sem stofnunum beri að fylla út og halda utan um til að staðfesta að formleg verðkönnun hafi farið fram. Ríkisendurskoðun lýsir hér með yfir vilja til að koma að gerð slíks gátlista.

## 3. FJÖLGA ÞARF TEGUNDUM RAMMASAMNINGA

Töluverður hluti þeirra innkaupa sem Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við í skýrslunni er svipaðs eðlis, t.d. viðskipti við iðnaðarmenn. Ástæða er til að hvetja Ríkiskaup til að fjölga tegundum rammamninga eins og kostur er.

# 1 INNGANGUR

Í starfsáætlun stjórnisýslusviðs Ríkisendurskoðunar fyrir árin 2009–11 kemur fram að á tímabilinu verði m.a. lögð aukin áhersla á samtímaeftirlit, hraða málsmeðferð og sýnileika við stjórnisýsluendurskoðun. Þar segir jafnframt að á tímabilinu verði unnin frumkvæðisúttekt á innkaupum ríkisins á vörum og þjónustu. Í nóvember 2009 hófst vinna við þessa úttekt og var þegar í upphafi gert ráð fyrir að niðurstöður hennar yrðu birtar í nokkrum áfangaskýrslum á fyrri helmingi 2010.

Skýrslan sem hér liggur fyrir er þriðja áfangaskýrslan og fjallar um athugun á tilteknum innkaupum stofnana og fjárlagaliða í A-hluta ríkissjóðs á tímabilinu 1. janúar til 31. október 2009. Megintilgangur hennar var að kanna hvort ákvæðum 14., 20. og 22. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup hefði verið fylgt við innkaupin. 14. gr. laganna kveður á um jafnræði og gagnsæi við opinber innkaup, 20. gr. um að bjóða skuli út innkaup þegar fjárhæðir fara yfir tiltekin mörk en 22. gr. að við innkaup undir þeim mörkum skuli ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja.

Athuginin fór þannig fram að tekið var úrtak 800 birgja úr bókhaldskerfi ríkisins (Orra) og viðskipti einstakra ráðuneyta eða stofnana við þá könnuð. Viðskipti þeirra stofnana sem færa bókhald í önnur kerfi en grunnbók Orra voru ekki í úrtakinu. Meðal þeirra má nefna Vegagerðina, Þjóðkirkjuna og Landspítala – háskólasjúkrahús.

Á undanförnum árum hefur Ríkisendurskoðun margoft gert athugasemdir við einstök innkaup stofnana við árlega endurskoðun og í sérstökum úttektum. Ekki hefur þó áður verið tekið sérstakt úrtak viðskipta margra stofnana samtímis til að kanna fylgni þeirra við lög um opinber innkaup nr. 84/2007.

Um 20 starfsmenn Ríkisendurskoðunar komu að verkefninu og öfluðu þeir upplýsinga hjá umræddum stofnunum á tímabilinu nóvember 2009 til janúar 2010. Endursögn Ríkisendurskoðunar á skýringum einstakra stofnana var borin undir þær til athugasemda. Loks lagði Ríkisendurskoðun sjálfstætt mat á innkaupin út frá fyrirbyggjandi gögnum og skýringum.

Vinna við fleiri sambærilegar athuganir er þegar hafin og verða skýrslur um niðurstöður þeirra gerðar opinberar þegar þær liggja fyrir. Þar verður m.a. lögð áhersla á rammSAMNINGA og innkaup yfir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu.

ÞRIÐJA  
ÁFANGASKÝRSLA  
ÚTTEKTAR Á  
OPINBERUM  
INNKAUPUM

RÍKISENDURSKOÐUN  
HEFUR ÁÐUR GERT  
ATHUGASEMDIR VIÐ  
EINSTÖK INNKAUP  
STOFNANA





## 2 ÚRTAKSKÖNNUN Á INNKAUPUM

### 2.1 VIÐMIÐ OG FRAMKVÆMD ÚTTEKTAR

Um kaup stofnana og fyrirtækja ríkisins á vörum og þjónustu gilda lög um opinber innkaup nr. 84/2007. Í 20. gr. þeirra er kveðið á um að bjóða skuli út öll innkaup á vörum yfir 5 m.kr. og öll kaup á þjónustu og verkum yfir 10 m.kr. eða haga þeim í samræmi við nánar tilgreind innkaupaferli. Þessar fjárhæðir taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs og gerðist það í fyrsta sinn 1. janúar 2009. Innkaup á grundvelli rammasamninga, sem gerðir hafa verið við fjölmörg fyrirtæki og veita ríkisstofnunum sérkjör í viðskiptum við þau, jafngilda útboði. Í 22. gr. laganna er á hinn bóginn kveðið á um að við innkaup undir framangreindum viðmiðunarfjárhæðum skuli kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skuli að jafnaði gerður bréflaga eða með rafrænni aðferð.

20. OG 22. GR. LAGA  
UM OPINBER INNKAUP

Í 14. gr. laga um opinber innkaup er þess jafnframt getið að gæta skuli jafnræðis og gagnsæis við opinber innkaup, m.a. sé óheimilt að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Í þessu felst að ómálefnaleg sjónarmið mega ekki ráða för við kaup á vörum og þjónustu heldur eiga allir að geta keppt um viðskiptin sem hafa til þess hæfni og getu.

14. GR. LAGA UM  
OPINBER INNKAUP

Í lok nóvember 2009 tók Ríkisendurskoðun saman gögn úr bókhaldskerfi ríkisins um uppsöfnuð viðskipti 152 stofnana og fjárlagaliða í A-hluta við 800 birgja á tímabilinu janúar til október 2009. Viðskiptin námu frá 250 þús.kr. til 375 m.kr. og í heild 3,3 ma.kr. Einungis um 10% þeirra voru yfir útboðsmörkum. Óskað var upplýsinga frá stofnunum og ráðuneytum vegna allra þeirra í því skyni að kanna hvort ákvæðum 20. og 22. gr. laga um opinber innkaup hefði verið fylgt. Á vinnslustigi var ákveðið að gera aðeins grein fyrir viðskiptum yfir 500 þús.kr. Við það féllu 178 birgjar úr úrtakinu.

VIÐSKIPTI YFIR 500  
ÞÚS.KR. JANÚAR TIL  
OKTÓBER 2009

### 2.2 ATHUGASEMDIR RÍKISENDURSKOÐUNAR


Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við viðskipti 45 stofnana og fjárlagaliða við 104 birgja, eða 13% birgja í úrtakinu. Í öllum tilfellum er um að ræða viðskipti sem stangast á við aðra hvora fyrrnefndra lagagreina. Þar af varða 6 við 20. gr. og 98 við 22. gr. Einnig er ljóst að ekki var gerður verðsamanburður í fjölmörgum viðskiptum sem voru á bilinu 250–500 þús.kr. Fyrrnefnt hlutfall athugasemda er því í reynd lágmarkstala.

ATHUGASEMDIR VIÐ  
VIÐSKIPTI 45  
STOFNANA OG  
FJÁRLAGALIÐA VIÐ  
104 BIRGJA

Allmargar stofnanir sem Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við útskýrðu val sitt á birgja með því að vísa til fyrri reynslu af þjónustu hans, sérstakrar þekkingar eða staðsetningar. Þá bentu sumar á að óformleg verðkönnun hefði farið fram. Ríkisendur-

skoðun telur slíka þætti ekki réttlæta það að sneitt sé hjá ákvæðum laga um opinber innkaup sem miða að jafnræði og gagnsæi og eiga að stuðla að samkeppni.

## 2.1 Mat á viðskiptum stofnana við 800 birgja jan. – okt. 2009



### ATHUGASEMDIR GEFA EKKI VÍSBENDINGAR UM ÖNNUR INNKAUP STOFNANANNA

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir athugasemdum Ríkisendurskoðunar við viðskipti einstakra stofnana og fjárlagaliða. Ástæða er til að taka fram að vegna þess að aðeins er um úrtak að ræða gefa niðurstöðurnar hvorki vísbendingar um hvernig öðrum innkaupum hjá umræddum stofnunum er háttað né hvort þær standi betur eða verr að innkaupum en stofnanir sem ekki eru nefndar. Af þeim sökum er ekki greint frá því hvaða stofnanir lentu í úrtakinu en engar athugasemdir voru gerðar hjá.

### 01-190 FORSÆTISRÁÐUNEYTI, ÝMIS VERKEFNI

Í úrtakinu voru 4 birgjar sem greitt var af þessum fjárlagalið á tímabilinu, samtals 21,7 m.kr. Viðskipti við sömu birgja á árunum 2007 og 2008 námu alls 48,5 m.kr. Ríkisendurskoðun taldi ekki ástæðu til að kanna nein viðskiptanna sérstaklega. Þó er gerð grein fyrir 1 þeirra hér, enda hefur verið gerð formleg athugasemd við þau áður.

#### INDEVELOP ÍSLANDI EHF.

Forsætisráðuneytið keypti ráðgjöf af fyrirtækinu fyrir samtals 13,8 m.kr. á tímabilinu. Um er að ræða framhald af verkefni sem hófst árið 2007. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu og mikilli þekkingu en verkefnið var ekki boðið út.

### 01-902 ÞJÓÐGARÐURINN Á ÞINGVÖLLUM

Í úrtakinu voru 4 birgjar sem þjóðgarðurinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 17,5 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 23,3 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 3 viðskipti sérstaklega og er gerð grein fyrir þeim hér. Enginn formlegur verðsamanburður fór fram vegna umræddra viðskipta.

### ATHUGASEMD VAR ÁÐUR GERÐ VIÐ KAUP FORSÆTISRÁÐUNEYTIS Á RÁÐGJÖF INDEVELOP ÍSLANDI EHF.

#### PÓTEMKIN HÖNNUN EHF.

Fyrirtækið fékk 589 þús.kr. greiddar á tímabilinu fyrir vinnu við myndskreið um þjóðgarðinn. Fyrirtækið hafði áður unnið að myndefni fyrir þjóðgarðinn og réði sú reynsla innkaupunum.

#### JÓNSHÚS EHF.

Þjóðgarðurinn greiddi fyrirtækinu samtals 6,3 m.kr. á tímabilinu fyrir trésmíðar og mannvirkjagerð. Óformleg verðkönnun var gerð vegna þessara verka en við val á birgja var einnig litið til góðrar reynslu af þjónustu fyrirtækisins.

#### G.J. HÚS EHF.

Fyrirtækið fékk 8,4 m.kr. greiddar á tímabilinu fyrir trésmíðar og mannvirkjagerð. Óformleg verðkönnun var gerð fyrir kaupin og auk þess litið til góðrar reynslu af þjónustu fyrirtækisins.

### 02-201 HÁSKÓLI ÍSLANDS

Í úrtakinu voru 83 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 221 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu alls 203,4 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 21 viðskipti sérstaklega. Enginn formlegur verðsamanburður var gerður fyrir eftirfarandi kaup, utan þau síðustu. Í því tilfalli og því næstsíðasta er útboðsskylda algjörlega skýr að mati Ríkisendurskoðunar.

#### EYJAMYNDIR EHF.

Skólinn keypti gistingu í Vestmannaeyjum af fyrirtækinu fyrir samtals 618 þús.kr. á tímabilinu. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið skýringar á því hvað réði vali.

#### ÞAKPAPPALAGNIR JK EHF.

Fyrirtækið fékk 630 þús.kr. greiddar fyrir þjónustu á tímabilinu. Val réðist af þekkingu á störfum verktakans.

#### LANDVERK, GARÐYRKJUVERKTAKI

Skólinn keypti þjónustu af fyrirtækinu fyrir 753 þús.kr. á tímabilinu. Fyrri viðskipti réðu vali.

#### PARKET PLÚS EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar 769 þús.kr. fyrir gólfslípun á tímabilinu. Birgi var valinn á grundvelli reynslu af störfum hans.

#### STOFAN SLF.

Fyrirtækið fékk 802 þús.kr. greiddar fyrir hönnunarvinnu á tímabilinu. Ríkisendurskoðun hefur ekki fengið skýringar á því hvað réði vali.

#### GB ÚTGÁFA EHF.

Skólinn greiddi fyrirtækinu 1,3 m.kr. fyrir ritstjórn á tímabilinu. Skýringar á vali birgja liggja ekki fyrir.

#### ANONYMOUS EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar 1,3 m.kr. fyrir kynningarþjónustu á tímabilinu. Skólinn hefur ekki skýrt hvað réði vali á birgja.

#### GARÐAFLUG EHF.

Skólinn greiddi fyrirtækinu 2 m.kr. fyrir flug vegna dýratalninga á tímabilinu. Birgi var valinn vegna góðrar reynslu og sérhæfingar.

#### VEITANDI EHF.

Greiddar voru 2 m.kr. til fyrirtækisins á tímabilinu fyrir viðhald heimavistar á Laugarvatni. Birginn hefur áður unnið fyrir skólann og réði það valinu.

#### GARÐAÞJÓNUSTAN BJÖRK EHF.

Skólinn greiddi fyrirtækinu 2,1 m.kr. á tímabilinu fyrir umhirðu lóðar mennta- vísindasviðs. Góð reynsla af störfum birgjans réði valinu.

#### BH VERKTAKAR EHF.

Fyrirtækið annaðist viðhald og endurgerð á gólfum fyrir skólann og fékk fyrir það greiddar 2,2 m.kr. á tímabilinu. Fyrirtækið hefur áður unnið fyrir skólann og réði það valinu.

#### TUNGUSLÁTTUR EHF.

Skólinn keypti af fyrirtækinu vinnu við lóð skólans að Laugarvatni fyrir samtals 2,2 m.kr. á tímabilinu. Það sem réði vali var góð reynsla af störfum birgjans.

#### GÆÐA-ENDURSKOÐUN EHF.

Skólinn keypti endurskoðunarvinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 2,3 m.kr. á tímabilinu. Það sem réði vali var góð reynsla af störfum birgjans.

#### EÐALKLÆÐI EHF.

Á tímabilinu greiddi skólinn fyrirtækinu 2,6 m.kr. fyrir nýjar hempur fyrir rektor, forseta fræðasviða og deildarforseta skólans til að klæðast við brautskráningu kandiádata. Vegna skipulagsbreytinga í skólanum fjölgaði umræddum aðilum mjög. Fyrirtækið var valið vegna þess að það hafði saumað þær hempur sem til voru auk þess sem afar skammur tími gafst til verksins.

#### BT VERKTAKAR EHF.

Fyrirtækið seldi skólanum vinnu fyrir 2,6 m.kr. á tímabilinu. Skólinn hefur áður átt viðskipti við fyrirtækið og réði sú reynsla valinu.

#### GS SMÍÐIR EHF.

Skólinn keypti smíðavinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 2,6 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til góðrar reynslu af störfum hans.

#### VÉLA- OG SKIPAÞJÓÐ FRAMTAK EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar 3,1 m.kr. fyrir að fjarlægja kolakatla úr aðalbyggingu. Leitað var til birgja vegna fyrri reynslu af störfum hans.

#### GRENND EHF.

Skólinn greiddi fyrirtækinu 3,6 m.kr. fyrir umhirðu lóðar á tímabilinu. Birginn var valinn vegna góðrar reynslu.

#### HH VERKTAK EHF.2223

Fyrirtækið fékk 6,2 m.kr. greiddar fyrir málningarvinnu á tímabilinu. Við val á birgja var litið til góðrar reynslu af störfum hans.

#### ÚTGERÐARFÉLAGIÐ GLÓFAXI EHF.

Skólinn keypti fisk til rannsókna af fyrirtækinu fyrir 14,3 m.kr. á tímabilinu. Skólinn hefur ekki skýrt hvað réði vali á birgja.

#### HREINGERNINGARÞJ. AXELS EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 54,4 m.kr. á tímabilinu fyrir hreingerningarpjónustu. Skólinn óskaði eftir tilboðum frá þremur birgjum og bærust tilboð frá þeim öllum. Hreingerningarpjónusta Axels ehf. átti lægsta tilboðið. Að mati Ríkisendurskoðunar er umfang verksins svo mikið að slík verðkönnun var ófullnægjandi. Verkið hefði átt að bjóða út. Skólinn hefur ákveðið að bjóða þjónustuna út í samstarfi við Ríkiskaup þegar gildandi samningar renna út.

BJÓÐA HEFÐI ÁTT ÚT  
KAUP SKÓLANS Á FISKI  
AF ÚTGERÐAR-  
FÉLAGINU GLÓFAXA  
EHF. OG HREINGERN-  
INGARÞJÓNUSTU AF  
HREINGERNINGAR-  
ÞJÓNUSTU AXELS EHF.

## 02-202 TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLANS AÐ KELDUM

Í úrtakinu voru 3 birgjar sem stöðin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 5,8 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 117 þús.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### KUL EHF.

Fyrirtækið annaðist viðgerðir og eftirlit á kæli- og frystitækjum tilraunastöðvarinnar fyrir samtals 1,4 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu af þjónustu fyrirtækisins en verð ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

## 02-216 LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Í úrtakinu voru 27 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 35,7 m.kr. Viðskipti við sömu birgja árið 2008 námu alls 20,6 m.kr. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 9 viðskipti sérstaklega. Verð eftirfarandi birgja var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### GÖSLI EHF.

Skólinn keypti viðgerðarvinnu við fjós af fyrirtækinu fyrir samtals 509 þús.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af staðsetningu hans.

#### ASTERIX EHF.

Skólinn keypti vélavinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 613 þús.kr. á tímabilinu. Um var að ræða vinnu við niðurrif gamalla bygginga. Mat var lagt á hvort hagkvæmara væri að fá utanaðkomandi aðila til að vinna verkið í heild eða kaupa aðeins vinnuvélapáttinn og starfsmenn skólans önnuðust aðra þætti verksins. Birgi var valinn með hliðsjón af góðu verði.



#### AT-BÍLAR EHF.

Skólinn keypti bílaviðgerð af fyrirtækinu fyrir samtals 672 þús.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af óformlegri verðkönnun.

#### KNASTÁS EHF.

Skólinn keypti bílaviðgerðir af fyrirtækinu fyrir samtals 673 þús.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu.

#### LAGNADEILDIN EHF.

Skólinn keypti lagnavinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 674 þús.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn vegna mikillar sérhæfingar hans.

#### BÚVÍS EHF.

Skólinn keypti rúlluplast af fyrirtækinu fyrir samtals 1,5 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðu verði og greiðslukjörum.

#### ÞAKPAPPAPJÓNUSTAN EHF.

Skólinn keypti vinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 1,7 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn á grundvelli óformlegrar verðkönnunar.

#### JÓN ÞÓRISSON EHF.

Skólinn keypti vinnu við samsetningu hitaveituröra af fyrirtækinu fyrir samtals 2 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn vegna góðrar reynslu af störfum hans.

#### RAFÖLD EHF.

Skólinn keypti rafverktakavinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 4,4 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn vegna góðrar reynslu af störfum hans og með hliðsjón af góðu verði.

### 02-217 HÓLASKÓLI – HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Í úrtakinu voru 7 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 27,2 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 91,3 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### KLEIF – TRAVEL MARKET EHF.

Fyrirtækið fékk 623 þús.kr. greiddar á tímabilinu fyrir gerð og vistun vefseturs fyrir knapamerki. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu og þekkingar á störfum hans en verð var ekki borið saman við verð annarra birgja.

### 02-308 MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Í úrtakinu voru 5 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 7,9 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 13,5 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að kanna 1 viðskipti nánar.

#### HUGDÍS EHF.

Skólinn greiddi fyrirtækinu samtals 1,7 m.kr. á tímabilinu fyrir sérfræðiþjónustu vegna erlends samstarfsverkefnis í tengslum við kennslu skólans í ferðagreinum. Birgi var

talinn henta best við viðkomandi verkefni en verð hans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

## 02-316 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI, FASTEIGNIR FRAMHALDSSKÓLA

Í úrtakinu voru 6 birgjar sem greitt var til af fjárlagaliðnum á tímabilinu, samtals 16,4 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 22,6 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til að kanna 3 viðskipti nánar. Formlegur verðsamanburður var ekki gerður fyrir eftirfarandi kaup.

### RAFSTÝRITÆKNI, RAFVERKTAKI EHF.

Fyrirtækið annast viðhald raflagna og fékk fyrir það greiddar samtals 899 þús.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu.

### SKRÚÐGARÐYRKJA DAVÍÐS EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 1,1 m.kr. á tímabilinu fyrir lóðarframkvæmd. Við val á birgja var litið til staðsetningar hans.

### DÚKALAGNINGAMEISTARINN EHF.

Fyrirtækið annast viðhald dúka og fékk fyrir það greiddar samtals 5,7 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu af þjónustu fyrirtækisins og þekkingar þess á aðstæðum.

## 02-350 FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI

Í úrtakinu voru 6 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 3,3 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 5 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Í hvorugu tilfellinu var gerður formlegur verðsamanburður.

### RAFBÆR SF.

Skólinn keypti kennslu af fyrirtækinu fyrir samtals 522 þús.kr. á tímabilinu. Eigandi fyrirtækisins er kennari við skólann en námskeiðið sem greitt er fyrir er ekki hluti af námsskrá.

### ÓM SNYRTIVÖRUR EHF.

Skólinn keypti snyrtivörur af fyrirtækinu fyrir samtals 901 þús.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til þekkingar á vörum og góðrar reynslu.

## 02-351 FJÖLBRAUTASKÓLINN ÁRMÚLA

Í úrtakinu voru 6 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 16,8 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 30,4 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

### NÚIÐ EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 1,3 m.kr. á tímabilinu fyrir vinnu við uppbyggingu tölvukerfis skólans. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu af þjónustu fyrirtækisins en verð var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

## 02-360 IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Í úrtakinu voru 4 birgjar sem skólinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 103,8 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 230,1 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Í hvorugu tilfellinu fór fram formlegur verðsamanburður við aðra birgja.

### GLUGGA-/HURÐASMIÐJA SB EHF.

Skólinn greiddi fyrirtækinu samtals 537 þús.kr. vegna samstarfs um nýja tækni við smíði nemenda á gluggum. Birginn var valinn með hliðsjón af staðsetningu.

### RAFLEIT EHF.

Fyrirtækið vann við innréttingu sérstofu vegna starfsbrautar fyrir fatlaða og fékk fyrir það greiddar samtals 1,2 m.kr. á tímabilinu. Fyrirtækið er á vegum eiganda húsnæðis og annast raflagnir í húsinu.

## 02-725 NÁMSGAGNASTOFNUN

Í úrtakinu voru 15 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 32,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 5,4 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

### GROUP3 EHF.

Fyrirtækið fékk greidda samtals 1 m.kr. á tímabilinu fyrir gerð og uppsetningu skilta og filma á glugga í húsnæði stofnunarinnar. Birgi var valinn með hliðsjón af meðmælum frá húseiganda en verð hans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

## 02-902 ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Í úrtakinu voru 10 birgjar sem safnið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 7,4 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 1,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að kanna 2 viðskipti nánar. Enginn formlegur verðsamanburður fór fram fyrir þau.

### MYNDLÝSING EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 574 þús.kr. á tímabilinu fyrir hönnun. Birgi var valinn með hliðsjón af sérþekkingu og góðri reynslu af þjónustu fyrirtækisins.

### HUGSMÍÐJAN HUMANOID SF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 769 þús.kr. á tímabilinu fyrir innskönnun gamalla mynda. Birgi var valinn með hliðsjón af þekkingu og góðri reynslu af þjónustu hans.

## 02-905 LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Í úrtakinu voru 2 birgjar sem safnið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 4 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 8,5 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að kanna 1 viðskipti nánar.



#### RAFVÆÐING EHF.

Fyrirtækið annast viðhald rafmagnsmála í húsnæði safnsins og fékk fyrir það greiddar samtals 1,1 m.kr. á tímabilinu. Birginn var valinn með hliðsjón af sérþekkingu og góðri reynslu af þjónustu hans en hann hefur annast rafmagnsmál í húsnæðinu frá upphafi. Verð var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 02-907 LISTASAFN ÍSLANDS

Í úrtakinu voru 4 birgjar sem safnið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 2,2 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 1,2 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Í hvorugu tilfellinu fór fram formlegur verðsamanburður við aðra birgja.

#### STÓRVAL EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar 680 þús.kr. á tímabilinu fyrir vinnu við niðurrif. Birginn var valinn með hliðsjón af verði en einnig að vinna þurfti verkið með stuttum fyrirvara.

#### FRÆSI EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar 844 þús.kr. á tímabilinu fyrir vinnu við gerð leikmyndar. Birginn var valinn með hliðsjón af þekkingu hans og verði eftir óformlega verðkönnun.

#### 02-909 BLINDRABÓKASAFN ÍSLANDS

Í úrtakinu var 1 birgi sem safnið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 1,1 m.kr. Viðskipti við sama birgja námu 3,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að kanna viðskiptin nánar.

#### SKI EHF.

Fyrirtækið fékk greidda 1,1 m.kr. á tímabilinu fyrir útkeyrslu bóka. Birginn var valinn með hliðsjón af góðri reynslu af þjónustu hans en verð var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 02-979 HÚSAFRIDUNARNEFND

Í úrtakinu voru 3 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 5,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 2,7 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Eftir fyrstu athugun taldi Ríkisendurskoðun ástæðu til þess að kanna 1 viðskipti nánar.

#### HAGVÍS EHF.

Fyrirtækið fékk greidda 1,1 m.kr. á tímabilinu fyrir girðingavinnu. Birginn var valinn með hliðsjón af því að verið var að stækka girðingu sem var fyrir hendi og þótti mikilvægt að samræma nýja girðingu við þá eldri. Verð birgjans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 03-214 VARNARMÁLASTOFNUN

Í úrtakinu voru 12 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 45,2 m.kr. Samanlögð viðskipti við sömu birgja námu 36,9 m.kr. árið 2008. Ríkisendur-

skoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega en jafnframt er hér umfjöllun um viðskipti sem þegar hefur verið greint frá opinberlega.

#### ATELIER ARKITEKTAR EHF.

Stofnunin keypti arkitektþjónustu af fyrirtækinu fyrir samtals 3,5 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn vegna góðs verðs en ekki var gerður verðsamanburður við aðra birgja með formlegum hætti.

#### HBT HF.

Stofnunin keypti rafjöfnunarbúnað af fyrirtækinu fyrir samtals 18,4 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn vegna góðs verðs og þar sem enginn annar innlendir aðili býður upp á sambærilegan búnað. Ríkisendurskoðun hefur áður látið í ljós þá skoðun að bjóða hefði átt kaupin út.

### 04-234 MATVÆLASTOFNUN

Í úrtakinu voru 9 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 25,9 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 44,5 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 6 viðskipti sérstaklega. Verð eftirfarandi birgja var ekki borið saman við verð annarra með formlegum hætti.

#### ATLANTSSKEL EHF.

Stofnunin greiddi fyrirtækinu samtals 529 þús.kr. á tímabilinu fyrir sýnatökur. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu og þekkingar fyrirtækisins.

#### HERBORG EHF.

Stofnunin greiddi fyrirtækinu samtals 630 þús.kr. á tímabilinu fyrir viðhald á varnargirðingu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu og þekkingar fyrirtækisins.

#### ÖRN EINARSSON EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 1,2 m.kr. á tímabilinu fyrir viðhald á varnargirðingu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu og þekkingar fyrirtækisins.

#### LÁRUS JÓN EHF.

Stofnunin greiddi fyrirtækinu samtals 1,4 m.kr. á tímabilinu fyrir viðhald á varnargirðingu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu og þekkingar fyrirtækisins.

#### DÝRALÆKNAMIÐSTÖÐIN EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 3,2 m.kr. á tímabilinu fyrir heilbrigðiseftirlit. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu auk þess sem stofnunin taldi að fyrirtækið væri eini aðilinn sem geti tekið að sér verkið.

#### FJARKI EHF VERKTAKAR

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 3,5 m.kr. á tímabilinu fyrir viðhald á varnargirðingu. Við val á birgja var litið til fyrri reynslu og þekkingar fyrirtækisins.

## 04-331 HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Í úrtakinu voru 2 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 1,4 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 4 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna önnur viðskiptin sérstaklega.

### SKÓGRÁÐ EHF.

Fyrirtækið fékk 1,1 m.kr. greidda á tímabilinu fyrir verkefnastjórnun. Birginn var valinn með hliðsjón af reynslu og þekkingu á verkefninu en verð var ekki borið saman við verð annarra birgja.

## 06-231 MÁLSKOSTNAÐUR Í OPINBERUM MÁLUM

Í úrtakinu voru 11 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 9,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 12,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega, enda var enginn formlegur verðsamanburður gerður.

### HÚSASMÍÐI LAUGARV. EHF.

Fyrirtækið kemur að rannsókn opinberra mála og fékk greiddar samtals 513 þús.kr. á tímabilinu fyrir vinnu við vettvangsteikningar sem gerðar eru í alvarlegum umferðarslysum. Við val á birgja var litið til góðrar reynslu og til þess að viðkomandi aðili hefur bæði almenna og sértæka þekkingu á lögreglurannsóknum og sérstökum mælibúnaði.

### GNOSTIKA EHF.

Fyrirtækið annast bíltæknirannsóknir vegna banaslysa og annarra mjög alvarlegra umferðarslysa. Fyrir vinnu á tímabilinu fékk fyrirtækið greiddar samtals 3,2 m.kr. Við val á birgja var horft til góðrar reynslu, þekkingar viðkomandi aðila á viðfangsefninu og til þess að um er að ræða mjög sérhæfða þjónustu.

## 06-303 RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Í úrtakinu voru 9 birgjar sem embættið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 45,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 112,3 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Í hvorugu tilfallinu var leitað verðtilboða með formlegum hætti.

### SKÁLAR EHF.

Fyrirtækið sér um dekkjaskipti fyrir lögreglubifreiðar á höfuðborgarsvæðinu auk sérhæfðra hjólastillinga og stýrisviðgerða. Ríkislögreglustjóri greiddi samtals 2,4 m.kr. vegna þessarar þjónustu á tímabilinu. Birginn var valinn með hliðsjón af verði, staðsetningu og góðri þjónustu.

### BIFREIÐABYGGINGAR SF.

Fyrirtækið annast breytingar á innréttingum lögreglubifreiða og greiddi embættið 2,8 m.kr. vegna þessa á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri þjónustu og þekkingu.

## 06-310 LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Í úrtakinu voru 11 birgjar sem lögreglustjórinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 11,2 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 10,2 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Enginn formlegur verðsamanburður var gerður fyrir viðskiptin.

### GB BYGGINGARFÉLAG EHF.

Embættið keypti þjónustu af fyrirtækinu fyrir samtals 531 þús.kr á tímabilinu. Við val á birgja var horft til verðs eftir óformlega verðkönnun.

### JÓNÓLFUR EHF.

Fyrirtækið sá um mötuneyti starfsmanna lögreglunnar og greiddi embættið samtals 818 þús.kr. vegna þessa á tímabilinu. Við val á birgja var horft til óska starfsmanna um þjónustu. Samið var um verð út frá fyrri reynslu embættisins af sambærilegum samningum.

## 06-501 FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Í úrtakinu voru 6 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 3,7 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 2 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 3 viðskipti sérstaklega. Verð eftirfarandi birgja var ekki borið saman við verð annarra með formlegum hætti.

### STRAUMBERG EHF.

Fyrirtækið annast ýmsa þjónustu og rafmagnsvinnu fyrir stofnunina. Á tímabilinu greiddi stofnunin samtals 673 þús.kr. vegna þessa. Birginn var valinn með hliðsjón af fyrri reynslu.

### LOFTRÆSTIHREINSUN EHF.

Stofnunin keypti þjónustu af fyrirtækinu fyrir samtals 1 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til verðs eftir óformlega verðkönnun.

### RAFVERK SF.

Fyrirtækið sér um ýmsa þjónustu og rafmagnsvinnu fyrir stofnunina. Á tímabilinu greiddi stofnunin samtals 1,1 m.kr. vegna þessa. Birginn var valinn með hliðsjón af fyrri reynslu af þjónustu birgjans.

## 07-700 MÁLEFNI FATLAÐRA

Í úrtakinu var 1 birgi sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 10,6 m.kr. Viðskipti við birgjann námu samtals 32 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna viðskiptin sérstaklega.

### AE STARFSENDURHÆFING EHF.

Fyrirtækið fékk 10,6 m.kr. greiddar á tímabilinu fyrir þjónustu, ráðgjöf og fræðslu. Birginn var valinn með hliðsjón af reynslu, þekkingu og viðurkenningu starfsfólks en vegna umfangs viðskiptanna hefði átt að bjóða verkið út.

## 07-755 ÞJÓNUSTU- OG ÞEKK.MIÐSTÖÐ FYRIR BLINDA OG SJÓNSKERTA

Í úrtakinu voru 3 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 3,1 m.kr. Árið 2009 var fyrsta starfsár miðstöðvarinnar. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega og er gerð grein fyrir þeim hér. Í hvorugu tilfellinu var verið borið saman við verið annarra birgja með formlegum hætti.

### MÁLARAKOMPAÑÍÐ EHF.

Miðstöðin keypti málningarþjónustu af fyrirtækinu fyrir samtals 656 þús.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu.

### SMÍÐALIST EHF.

Stofnunin keypti vinnu við viðhald og breytingar á húsnæði af fyrirtækinu fyrir samtals 1,8 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu.

## 08-358 SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

Í úrtakinu voru 11 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 40,1 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 48,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 4 viðskipti sérstaklega. Verð eftirfarandi birgja var ekki borið saman við verið annarra birgja með formlegum hætti. Í síðasta tilvikinu er útboðsskylda skýr að mati Ríkisendurskoðun.

### SMÁRI SIGURÐSSON EHF.

Sjúkrahúsið keypti múrverk af fyrirtækinu fyrir samtals 794 þús.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu.

### VERKVAL EHF.

Sjúkrahúsið keypti múrbrot, steypusögun og stíflulosun af fyrirtækinu fyrir samtals 2,5 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu og sérhæfingu á svæðinu.

### HÚSPRÝÐI EHF.

Sjúkrahúsið keypti málningarvinnu af fyrirtækinu fyrir samtals 7,7 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn með hliðsjón af góðri reynslu.

### RÖNTGA EHF.

Sjúkrahúsið keypti myndgreiningu af fyrirtækinu fyrir samtals 14 m.kr. á tímabilinu. Reynt hefur verið að ráða lækni í fullt starf til að sinna þjónustunni en það ekki borið árangur. Þjónustan er að mati sjúkrahússins afar sérhæfð og ekki í boði frá öðrum aðila.

## 08-379 HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI, SJÚKRAHÚS – ÓSKIPT

Í úrtakinu var 1 birgi sem greitt var til af fjárlagaliðnum á tímabilinu, samtals 1,9 m.kr. Viðskipti við birgjann námu samtals 6 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna viðskiptin sérstaklega.

BJÓÐA HEFÐI ÁTT ÚT  
VIÐSKIPTIN VIÐ  
FYRIRTÆKIÐ RÖNTGA  
EHF.

#### ARGYRON EHF.

Fyrirtækið fékk 1,9 m.kr. greiddar á tímabilinu fyrir úttekt og ráðgjöf varðandi skipulag heilbrigðisstofnana. Birginn var valinn með hliðsjón af góðri reynslu en verð hans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 08-777 HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

Í úrtakinu voru 13 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 13,5 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu 30,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til þess að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### KAUPTÚN EHF.

Stofnunin keypti matvörur af fyrirtækinu fyrir samtals 637 þús.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til staðsetningar hans. Ekki var gerður formlegur verðsambandur enda verð talið sambærilegt og á markaði.

#### 08-781 HEILBRIGÐISSTOFNUNIN VESTMANNAEYJUM

Í úrtakinu voru 2 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 2,2 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 5,5 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### GRÉTAR ÞÓRARINSSON EHF.

Stofnunin keypti pípulagningarþjónustu af fyrirtækinu fyrir samtals 890 þús.kr. á tímabilinu. Við val á birgja leit stofnunin til þess að hann þekkir húsnæði stofnunarinnar vel, en bar verð hans ekki saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 08-791 HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

Í úrtakinu voru 3 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 1,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 2,6 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### STJÖRNUFISKUR EHF.

Stofnunin keypti fisk af fyrirtækinu fyrir samtals 721 þús.kr. á tímabilinu. Við val á birgja leit stofnunin til gæða vörunnar, góðrar þjónustu og verðs en bar verð hans ekki saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 09-262 TOLLSTJÓRINN

Í úrtakinu voru 10 birgjar sem embættið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 50,3 m.kr. Viðskipti við sömu birgja á árunum 2007 og 2008 námu samtals 71,1 m.kr. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### 2B HÖNNUNARSTOFA EHF.

Embættið keypti hönnunarvinnu af fyrirtækinu fyrir 1,2 m.kr. á tímabilinu. Birgi var valinn vegna góðrar reynslu af störfum hans en formleg verðkönnun fór ekki fram.

## 09-980 REKSTRARFÉLAG STJÓRNARRÁÐSBYGGINGA VIÐ ARNARHÓL

Í úrtakinu voru 3 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 3,9 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 3,2 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

### Á.K. VERKTAKAR EHF.

Fyrirtækið annast viðhald á pípulögnum og hreinlætistækjum í ráðuneytum og fékk greiddar samtals 2,6 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til reynslu og þekkingar viðkomandi og góðrar þjónustu en verð hans var ekki borið saman við verð annarra birgja.

## 09-984 FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS

Í úrtakinu voru 102 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu en verkefni hennar snúa að umsýslu fasteigna ríkissjóðs um allt land. Samtals námu viðskiptin 376 m.kr. Viðskipti við sömu birgja á árunum 2007 og 2008 námu samtals 412 m.kr. Almennu telur Ríkisendurskoðun að vel sé haldið utan um þau innkaup hjá stofnuninni sem könnuð voru. Stofnunin er með 427 verktaka á skrá sem fæstir taka þátt í almennum útboðum heldur gefa verðtilboð þegar eftir því er leitað. Fylgst er með því að samræmis gæti í verðlagningu þeirra. Ríkisendurskoðun sér þó ástæðu til að gera þá almennu athugasemd við innkaup hjá stofnuninni að val á birgja er of oft rökstutt með vísan til þess að aðeins einn aðili bjóði upp á þá þjónustu sem um ræðir á viðkomandi svæði.

## 09-999 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI, ÝMISLEGT

Í úrtakinu voru 6 birgjar sem greitt var til af fjárlagaliðnum á tímabilinu, samtals fyrir 69,2 m.kr. Engin viðskipti voru við birgjana á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Í hvorugu tilfallinu var verð borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

### SJÓNARRÖND EHF.

Fyrirtækið fékk 3,9 m.kr. greiddar á tímabilinu fyrir mat á arðsemi orkusölu til stóriðju og þjóðhagslegum ávinningi af erlendri fjárfestingu í stóriðju. Birginn var valinn með hliðsjón af þekkingu og reynslu á málefnum.

### SKOÐUN OG MAT EIGNA EHF.

Fyrirtækið fékk 3,9 m.kr. greiddar á tímabilinu fyrir mat á á skemmdum í kjölfar Suðurlandsskjálftans árið 2008. Birginn var valinn með hliðsjón af þekkingu og reynslu hans af sambærilegum sérhæfðum matsverkefnum.

## 11-299 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI, IÐJA OG IÐNAÐUR – FRAMLÖG

Í úrtakinu var 1 birgi sem greitt var til af fjárlagaliðnum á tímabilinu, samtals 800 þús.kr. Engin viðskipti voru birgjann á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna viðskiptin sérstaklega.

#### ALÞJÓÐAVER RÁÐGJÖF EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 800 þús.kr. fyrir ráðgjöf á tímabilinu. Ekki var gerður formlegur verðsamanburður við aðra birgja.

#### 11-399 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI, ÝMIS ORKUMÁL

Í úrtakinu voru 3 birgjar sem greitt var til af fjárlagaliðnum á tímabilinu, samtals 5,5 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 1,2 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Enginn formlegur verðsamanburður við aðra birgja fór fram fyrir kaupin.

#### WVS-VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 563 þús.kr. fyrir ráðgjöf við mat á rekstrarniðurstöðu Hitaveitu Öxarfjarðar. Við val á birgja var litið til sérþekkingar fyrirtækisins.

#### ASKJA ENERGY HOLDINGS EHF.

Fyrirtækið fékk greiddar samtals 770 þús.kr. fyrir gerð skýrslu um tækifæri Íslands til að nýta aðra endurnýjanlega orkugjafa til rafmagnsframleiðslu. Við val á birgja var litið til reynslu og þekkingar fyrirtækisins.

#### 11-501 FERÐAMÁLASTOFA

Í úrtakinu voru 8 birgjar sem embættið átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 13 m.kr. Viðskipti við sömu birgja á árunum 2007 og 2008 námu samtals 27,9 m.kr. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA EHF.

Stofnunin keypti þjónustu af fyrirtækinu fyrir 1,1 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja leit stofnunin til góðrar reynslu af fyrirtækinu en bar verð ekki saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 12-402 FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Í úrtakinu voru 17 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 141 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 107,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### RAFRÚN EHF.

Fyrirtækið hefur veitt stofnuninni þjónustu við raflagnir og greiddi stofnunin samtals 1 m.kr. vegna þessa á tímabilinu. Við val á birgja leit stofnunin til fyrri reynslu af þjónustu birgjans og þekkingar hans á húsnæði stofnunarinnar en verð var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 12-421 NEYTENDASTOFA

Í úrtakinu var 1 birgi sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 1,3 m.kr. Viðskipti við sama birgja námu samtals 32,9 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna viðskiptin sérstaklega.



#### IDEGA HUGBÚNAÐUR.

Fyrirtækið veitti stofnuninni þjónustu fyrir samtals 1,3 m.kr. á tímabilinu. Um var að ræða uppsetningu á kerfi sem getur unnið með öðrum kerfum sem fyrirtækið hafði áður sett upp hjá stofnuninni, m.a. vegna verkefnis um þróun rafrænnar stjórnsýslu. Birginn var valinn með hliðsjón af góðri reynslu en verð hans ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 12-431 EINKALEYFASTOFA

Í úrtakinu voru 4 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 5,8 m.kr. Viðskipti við sömu birgja á árunum 2007 og 2008 námu samtals 3,2 m.kr. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### AÐALRAF EHF. – LÖGGILTIR RAFVERKTAKAR

Stofnunin keypti forritun af fyrirtækinu fyrir 3,8 m.kr. á tímabilinu. Fyrirverandi starfsmaður stofnunarinnar, sem lét af störfum fyrir árslok 2007, var fenginn til að klára verk sem hann hóf á meðan hann var við störf hjá stofnuninni. Verð birgjans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### 14-211 UMHVERFISSTOFNUN

Í úrtakinu voru 9 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 7,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 3,2 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 2 viðskipti sérstaklega. Verð eftirfarandi birgja var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

#### VETMED EHF.

Fyrirtækið veitti ráðgjöf við eftirlit með gæluðyrhaldi á tímabilinu og fékk fyrir það samtals 560 þús.kr. Birginn var valinn með hliðsjón af sérþekkingu hans.

#### RAF-FAR EHF.

Stofnunin greiddi fyrirtækinu samtals 616 þús.kr. á tímabilinu vegna vinnu við breytingar á raflögnum skrifstofuhúsnæðis. Fyrirtækið hefur annast rafmagnsmál í húsnæðinu um tíma og er meistari þess raflagnameistari hússins.

#### 14-212 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

Í úrtakinu voru 12 birgjar sem þjóðgarðurinn átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 14,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 13,6 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 1 viðskipti sérstaklega.

#### VATTARÁ EHF.

Fyrirtækið kom að endurnýjun og lagfæringu á raflögnum og rafbúnaði Skaftafellsstofu. Greiðslur vegna þessa námu samtals 2,7 m.kr. á tímabilinu. Birginn var valinn með hliðsjón af staðsetningu og fyrri reynslu af þjónustu fyrirtækisins en verð hans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

## 14-231 LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Í úrtakinu voru 15 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 19,1 m.kr. Viðskipti við sömu birgja á árunum 2007 og 2008 námu samtals 41,2 m.kr. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna 6 viðskipti sérstaklega. Enginn formlegur verðsamanburður við aðra birgja fór fram í öllum eftirfarandi tilvikum.

### VIRKIR EHF.

Stofnunin leigði búnað af fyrirtækinu fyrir 575 þús.kr. á tímabilinu. Mat var lagt á hvort hagstæðara væri að kaupa búnaðinn eða leigja en verð birgjans var ekki borið saman við verð annarra birgja með formlegum hætti.

### RÆKTUNARSAMBAND HOFSHREPPS

Stofnunin keypti vinnu af sambandinu fyrir 615 þús.kr. á tímabilinu.

### HELLISBÚIÐ EHF.

Stofnunin keypti vinnu af fyrirtækinu fyrir 1,3 m.kr. á tímabilinu. Litið var til góðrar reynslu af birgjanum.

### RÓSABERG EHF.

Stofnunin keypti vinnu af fyrirtækinu fyrir 1,3 m.kr. á tímabilinu. Litið var til góðrar reynslu af birgjanum.

### ARNARDALUR SF.

Stofnunin keypti vinnu af félaginu fyrir 2,5 m.kr. á tímabilinu.

### GKK VERKTAKAR EHF.

Stofnunin keypti smíðavinnu af fyrirtækinu fyrir 3 m.kr. á tímabilinu. Við val á birgja var litið til góðrar reynslu.

## 14-321 BRUNAMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Í úrtakinu voru 2 birgjar sem stofnunin átti viðskipti við á tímabilinu, samtals fyrir 3,6 m.kr. Viðskipti við sömu birgja námu samtals 5,3 m.kr. á árunum 2007 og 2008. Ríkisendurskoðun taldi ástæðu til að kanna viðskiptin sérstaklega. Í hvorugu tilfellinu var verð borið saman með formlegum hætti.

### IMB TEC EHF.

Fyrirtækið veitti stofnuninni þjónustu fyrir samtals 551 þús.kr. á tímabilinu. Birginn var valinn með hliðsjón af fyrri reynslu.

### LÍFSTEF SF.

Fyrirtækið sér um ræstingu fyrir stofnunina samkvæmt þjónustusamningi og greiddi hún samtals 3,1 m.kr. vegna þessa á tímabilinu. Birginn var valinn með hliðsjón af fyrri reynslu.